




Margbreytileiki og fordómar – Örstutt persónuleikapróf*

1. Viltu að einstaklingar af sama kyni og þú njóti jafnra réttinda og einstaklingar af gagnstæðu kyni? _____
2. Viltu fá að njóta jafnra réttinda á við aðra burt séð frá uppruna þínum? _____
3. Finnst þér ósanngjarnt að dæma fólk út frá þjóðerni líkt og þegar Íslendingar voru kallaðir hryðjuverkamenn af breskum yfirvöldum í kjölfar bankahrunsins? _____
4. Finnst þér þú eiga að njóta jafnra réttinda og fólk af öðrum kynþáttum? _____
5. Finnst þér þú sjálf/ur eiga að ráða hvort þú kjósir að eiga í ástarsambandi við karl eða konu? _____
6. Ert þú fylgjandi því að þér sé frjálst að aðhyllast hvaða trú sem er eða vera trúlaus, ef þér sýnist svo? _____
7. Finnst þér þú eiga rétt á að hafa hvaða stjórnálaskoðun sem er? _____
8. Finnst þér þú eiga að njóta sömu réttinda og aðrir burt séð frá aldri eða ætterni? _____
9. Finnst þér að þú ættir að njóta sömu réttinda og aðrir ef þú værir fatlaður eða ættir við heilsubrest að stríða? _____
10. Viltu fá að njóta sömu réttinda og aðrir án tillits til efnahags? _____



* * * * *

- a) Ef þú svaraðir öllum spurningunum játandi ertu fylgjandi margbreytileika og frjáls frá fordómum.
- b) Ef þú svaraðir einni til þremur spurningum neitandi áttu stundum erfitt með að setja þig í spor annarra og þig skortir umburðarlyndi.
- c) Ef þú svaraðir fjórum til fimm spurningum neitandi þjáist þú af fordómum og þröngsýni og hefur takmarkaðan skilning á gildi mannréttinda og margbreytileika.
- d) Ef þú svaraðir fleiri en fimm spurningum neitandi ertu með alvarlegar persónuleikaraskanir og ættir að leita þér hjálpar.



Ímyndaðu þér mannfólkið sem mismunandi tegundir af dýrum. Fyll getur ekki orðið gíraffi og örn getur ekki orðið skógarþröstur. Blómstraðu eins og þú ert og njóttu margbreytileikans í fari þeirra sem eru í kringum þig og eru öðruvísi en þú sjálfur.

Fordómakeðjan



Þessi Sættir